

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um br. á l. um fjármálafyrirtæki, 7. mál.

Með bréfi dagsettu 29. október síðastliðinn var óskað eftir umsögn Kauphóllar Íslands hf. um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 7. mál, kaup viðskiptabanka á hlutabréfum.


Kauphöll Íslands telur að varlega eigi að fara í að gera breytingar á núgildandi lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með þeim hætti að takmarka heimildir þeirra til að fá fleira en eitt starfsleyfi. Núverandi fyrirkomulag er í samræmi við það sem gerist á EES-svæðinu og víðar. Varla gæti talist eðlilegt að íslensk fjármálafyrirtæki hafi þrengri heimildir í þessu efni en gengur og gerist á alþjóðamörkuðum.

Breytingartillagan er rökstudd á þann veg að ljóst sé að núgildandi lagarammi dugi engan veginn til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og að uppi séu sögusagnir um að "kínamúrar" innan fjármálafyrirtækja haldi ekki. Um fyrra atriðið má benda á að lög 161/2002 tóku gildi í upphafi ársins og því lítil reynsla komin á þær breytingar sem í þeim fólust. Þá má benda á að í núgildandi löggjöf er að finna margvísleg ákvæði sem eiga að tryggja hagsmuni viðskiptavina fjármálafyrirtækja, sbr. t.d. ákvæði í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og í lögum nr. 33/2003 um verðbréfa viðskipti. Óstaðfestar sögusagnir um háttsemi sem brýtur í bága við lög geta tæplega einar sér talist fullnægjandi til að kalla á lagabreytingu.

Hvað varðar 1. gr. frumvarpsins um að fjármálafyrirtæki geti eingöngu fengið eina tegund starfsleyfis vísast til ofangreinds. Telja verður að almennt eða í einstökum tilvikum geti verið réttlæt看legt að fjármálafyrirtæki sem og önnur fyrirtæki sem starfa á fjármálamarkaði geti starfað eftir fleiri en einu starfsleyfi samrýmist það starfseminni að öðru leyti.

Með vísan til framangreinds mælir Kauphöll Íslands gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


Ragnar P. Jónasson,
lögfræðingur.